

Dags eftirlits	4.5.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	N-lax ehf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Laxamýri, Húsavík	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	551009-1220	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jón H. Vigfússon	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engin ábending var sett fram.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um litla landeldisstöð er að ræða með leyfi fyrir allt að 20t ársframléiðslu af laxi, regnbogasilung og bleikju og eru ker staðsett bæði innan og utandyra. Stöðin stendur í landi Laxamýri við bakka Laxár í Aðaldal. Frárennslið liggur yfir í settjörn og þaðan í læk sem rennur um 1,7 km niður í Laxá. Allt innrennsli í stöðina er sjálfrennandi.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti og umsókn um nýtt starfsleyfi
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Umfang og breytingar á rekstri
- Áætlanir og trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda
- Húsnæði og lóð
- Mengunarvarnir
- Meðhöndlun úrgangs og mengandi efna
- Skráningar
- Eftirlitsmælingar og frárennsli
- Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar - kynning
- Stjórnvaldssektir - kynning
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Engin frávik komu fram í síðasta eftirliti, árið 2021 en ein ábending var sett fram er varðar sýnatökur frárennslis. Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu. Engin breyting á tíðni eftirlits er gerð á milli ára og flokkast starfsemin áfram í eftirlitsflokk B sem gerir ráð fyrir vettvangsheimsókn árlega.

Rekstraraðili hefur unnið að umsókn um stækkað starfsleyfi en hefur nú fallið frá því og hyggst sækja um óbreytta endurnýjun á leyfinu. Núgildandi leyfi rennur út 20. mars 2023 og bent er á að sækja þarf um nýtt starfsleyfi í tíma þar sem vinnsla á því getur tekið allt að 6-8 mánuðum. Öllum regnbogasilung verður slátrað úr stöðinni og einungis verða alin villt laxaseiði til sleppingar. Framleiðslumagn er innan heimildar starfsleyfis eða rúmlega 17 tonn árið 2021. Engar breytingar hafa verið gerðar á starfseminni, húsakostum eða fóðurgjöf frá síðasta eftirliti.

Áætlanir hafa verið uppfærðar og engar ábendingar eru gerðar þar um. Trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er í gildi.

Stöðin er snyrtileg á að líta og umgengni almennt góð á lóðinni. Engar ábendingar eru gerðar þar um. Gengið var niður að settjörnninni og frárennslið út í læk skoðað sem og rist úr settjörn. Ekki var um neina óeðlilega uppsöfnun að ræða við útrásina, engar fóðurleifar að sjá né óvenjulegur litur eða slý.

Dauðfisk er safnað saman og farið með á móttökustöð úrgangs á vegum Íslenska gámafélagsins, Víðimóum en magnið er óverulegt. Fer lífrænn úrgangur svo þaðan til jarðgerðar í Moltu ehf. Engin spilliefni eru í stöðinni annað en óverulegt magn af sápu og formalíni. Nær enginn almennur úrgangur fellur til nema lítið magn frá starfsmannaaðstöðu sem safnað er af sveitarfélaginu. Rekstraraðili skoðar möguleika á að nýta seyru frá settjörn til uppgræðslu á eigin landi. Rekstraraðila er bent á að kanna hvort sækja þurfi um áburðarleyfi til Matvælastofnunar.

Haldið er utanum skráningar í dagbókum og á skráningablöðum sem geymd eru í möppum. Bent er á að setja skráningarnar upp á rafrænu formi svo auðveldara sé að taka saman gögn frá framleiðslunni. Daglega er skráð magn dauðfisks, hiti, gefið fóðurmagn og O₂. Mælingar á vatni voru síðast gerðar árið 2021.

ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

ANNAÐ

Engin olía er geymd á starfsstöðinni.

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.


Farið var yfir sniðmát áætlunar vegna rekstrarstöðvunar og rekstraraðili beðinn um að hafa það til hliðsjónar við næstu uppfærslu áætlunarinnar. Einnig var kynning um stjórnvaldssektir send með fundarboðinu og rekstraraðili beðinn um að kynna sér hana.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Reykjavík, 13.06.2022

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Árnadóttir